

Reglur um ljósmynda- og kvikmyndatökur á Keflavíkurflugvelli og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Isavia áskilur sér rétt til að hafna beiðnum, ef handrit og umfang henta ekki starfsemi félagsins.

1. Beiðni um heimild til ljósmynda- eða kvikmyndatöku á Keflavíkurflugvelli eða í Flugstöð Leifs Eiríkssonar berist með a.m.k. 3ja daga fyrirvara til Einars Más Jóhannessonar, rekstrarstjóra FLE (einar.mar@isavia.is) og/eða Halldórs Rúnars Þorkelssonar, þjónustustjóra FLE. (halldor.thorkelsson@isavia.is)
2. Með beiðninni fylgi:
 - a. Viðkomandi handrit.
 - b. Óskir um tókustaði.
 - c. Dagsetning töku.
 - d. Hvenær dags.
 - e. Áætluð tímalengd töku.
 - f. Fjöldi þátttakenda.
3. Rekstrar- og flugverndardeildir Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar afgreiða umsóknir vegna ljósmynda- og kvikmyndatöku á flugvellingum og í flugstöðinni, samkvæmt reglum er gilda þar um. Þá sjá deildirnar um að afla tilskilinna leyfa frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum og/eða Tollstjóranum.
4. Þegar heimild hefur verið veitt, skal senda lista með nöfnum þátttakenda og kennitölu. Ef um erlenda ríkisborgara eða íslenska ríkisborgara búsetta erlendis er um að ræða, skal fæðingardagur, fæðingarstaður og ljósrit úr vegabréfi viðkomandi fylgja með umsókninni.
5. Þjónustustjóri FLE og/eða flugverndarverðir fylgja tökuliði eftir á meðan tölur fara fram á Keflavíkurflugvelli og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
6. Fyrir ofangreinda þjónustu þarf að greiða í samræmi við umfang, ásamt annarri þjónustu þ.e. þrifum, rafmagni, frágangi, vinnu rafvirkja o.fl.
7. Áður en tölur hefjast skal greiða reikning fyrir ofangreinda þjónustu, en um verð skal samið áður en leyfi verður veitt.

Keflavíkurflugvelli, 1. júlí 2011



Björn Óli Hauksson,
forstjóri Isavia ohf.